



Reykjavík 4. nóvember 2021

Niðurstaða athugunar á stjórnarháttum og útvistun hjá Lífeyrissjóði Tannlæknafélags Íslands

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) hóf athugun á stjórnarháttum og fyrirkomulagi útvistunar hjá Lífeyrissjóði Tannlæknafélags Íslands (LTFÍ) í júní 2021.

Markmiðið var tvíþætt; annars vegar að kanna fyrirkomulag útvistunar og eftirlit LTFÍ með útvistun og hins vegar athugun á stjórnarháttum, sbr. 29. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þá var í athuguninni einnig byggt á ákvæðum reglugerðar nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða, leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 6/2014 um útvistun hjá eftirlitsskyldum aðilum og leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila.

Niðurstaða lá fyrir í október 2021. Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem aflað var við athugunina gerði Fjármálaeftirlitið eftirfarandi athugasemdir við lífeyrissjóðinn:

- Stjórn viðhafði ekki tryggt innra eftirlit með útvistunaraðila og greining á hagsmunaárekstrum vegna rekstrarfyrirkomulags lífeyrissjóðsins var ekki til staðar, sbr. 8. tölul. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997.
- Útvistunarstefna var ekki í samræmi við 8. og 10. kafla leiðbeinandi tilmæla nr. 6/2014, sbr. 1. mgr. 36. gr. e laga nr. 129/1997.
- Viðbúnaðarumgjörð til að bregðast við mögulegum áföllum upplýsingakerfa var ekki til staðar í samræmi við kafla 2.3. í leiðbeinandi tilmælum nr. 1/2019, sbr. 1. mgr. 36. gr. e laga nr. 129/1997.
- Fundargerðir stjórnar lífeyrissjóðsins voru ekki nægilega ítarlegar, þannig að unnt væri að rekja meðferð einstakra mála eða ákvörðunarferli stjórnar, með vísan í 2. mgr. 32. gr. laga nr. 129/1997.
- Ekki var talið samrýmast 108. gr. a laga nr. 3/2006 um ársreikninga að framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins sæti alla fundi endurskoðunarnefndar lífeyrissjóðsins frá upphafi til enda.